

Ed.

513. Tillaga

til þingsályktunar um frestun á embættaveitingu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að veita ekki embætti fyrir en fram hefir farið algerð endurskoðun á launalögunum, nema þar sem maður er fluttur úr embætti, sem lagt er niður um leið.

Greinargerð.

Þar sem bersýnilega þarf að fækka mjög mikið starfsmönnum þjóðfjelagsins á næstu árum, en hins vegar sannað með langri reynslu, að embætti eru ógjarnan lögð niður, þótt óþörf sjeu, nema þegar maður fellur frá, verður það mikilsvert atriði að festa ekki þau embætti, sem kunna að losna, fyr en búid er að þrautrannsaka allar leiðir til embættafækkunar.